



254. Stjórnarfundur haldinn 4. okt. 2005 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Sveinn, og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá Láru Óskarsdóttur v/ Felix-félagkerfi ÍSÍ og UMFÍ. Verið að bjóða uppá námskeið.

Bréf frá knattspyrnudeild félagsins v/ heimildar til lántöku vegna veltiskiltis við Hringbraut. Einari H. , Kára G. og Þórði M. K. falið að fá frekari upplýsingar og ganga svo frá málinu.

Þakkarbréf frá knattspyrnudeild félagsins v/ stuðnings við deildina í sumar. Boðið til kaffisamsætis fimmtudaginn 6. okt. í félagsheimili okkar að Hringbraut 108 kl. 16:00.

3. Send bréf.

Engin

4. 44. sambandsþing UMFÍ 22. – 23. okt. 2005.

Átta aðilar hafa gefið kost á sér til að sitja þing UMFÍ. Kári Gunnlaugsson, Þórður Magni Kjartansson, Sigurvin Guðfinnsson, Birgir Ingibergsson, Sveinn Adolfsson, Bjarney S. Snævarsdóttir og Sigurbjörn Gunnarsson. Einar Haraldsson kemur sem stjórnarmaður UMFÍ en er fulltrúi Keflavíkur. Framkvæmdastjóra falið að panta far.

5. Jólablað félagsins.

Áfram unnið að blaðinu.

6. Málefni knattspyrnudeildar félagsins.

Einar skýrði frá fundi sem hann og Kári G. ásamt Þórði M. K. áttu með formanni og framkvæmdastjóra deildarinnar. Einnig frá fundi við sem Einar H. Og Þórður M. K. áttu með Grétari G. fulltrúa Spkef. Málefni deildarinnar rædd. Ákveðið að Einar H. , Kári G. og Þórður M. K. haldi áfram viðræðum við knattspyrnudeildina um að finna lausn á þeim málum sem í gangi eru.

6. Önnur mál.

Einar sagði frá því að foreldrar barna í Holtaskóla væru að falast eftir því að fá aðstöðu í félagsheimilinu einu sinni í viku samþykkt.

Einar H. sagði frá því að búið væri að taka inn Enska-boltann.

Ný tölva komin á skrifstofu framkvæmdastjóra.

Kári G. lagði til að framkvæmdastjóri myndi setja númer á fundagerðirnar samþykkt.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:25.

